

Fundargerð 11.12.2025

Mætt voru: Ellý Erlingsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks, Hrafn Guðbrandsson, Elísa Ósk Línadóttir fulltrúar foreldra. María Pálmadóttir sem stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

Fulltrúar nemenda Reynir Sigrúnarson í 10. bekk.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

- Skólapúlsinn – nemendakönnun.
- Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.
- Mat á skólastarfi og umbótaáætlun.
- Starfsáætlun Setbergsskóla.
- Önnur mál

Skólapúlsinn – nemendakönnun:

María fór yfir niðurstöður nemendakönnunar 6.- 10. bekk Skólapúlssins eftir 3 fyrirhagnir á þessu skólaári.

Helstu niðurstöður eru að nemendum líður almennt vel í skólanum.

Nemendur hafa hins vegar ekki næga trú á eigin námsgetu og á það sérstaklega við um stúlkur. Rætt var um hvað veldur því að stúlkur hafi þessa upplifun því námsárangur þeirra er ekki lakari en drengja.

Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar:

María fór yfir helstu niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.

Rætt var um að hvort það ættum að fá kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar fyrir foreldra í Setbergsskóla

Rætt var um Brúarsmiðina sem eru menningartenglar sem starfa á vegum Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar. Hlutverk þeirra er að byggja brýr milli

Skólaráð

menningarheima, efla menningarnæmi og styðja við farsælt samstarf skóla og fjölskyldna.

Brúarsmiðir starfa á öllum stigum skólagöngunnar; í leikskólum, grunnskólum og í tengslum við frístunda- og íþróttastarf.

Hlutverk brúarsmiða

Brúarsmiðir nýta eigin reynslu af tveimur menningarheimum og tungumálum til að styðja við börn, foreldra og starfsfólk skóla. Þeir:

- efla gagnkvæmt traust og skilning
- styðja við aðlögun og samþættingu
- útskýra reglur, væntingar og skólamenningu
- byggja brýr milli heimilis og skóla

Mikilvægt er að kynna starf Brúarsmiða vel og bjóða þeim inn í skólana t.d. á samtalsdögum.

Mat á skólastarfi og umbótaáætlun.

María kynnti matsáætlun skólans. Matsáætlun er almenni hluti aðalnámskrár.

Farið var yfir umbótaverkefni skólans. Þeir eru:

- Mat á kennslu og skipulagi.
- Skóli og bekkjarandi.
- Samstarf heimilis og skóla.

Starfsáætlun Setbergsskóla

María kynnti að starfsáætlun skólans sem er að finna heimasíðu skólans.

Skólaráð

Önnur mál

Rætt var um fyrirlögn matsferils í mars. Prófin verða lögð fyrir í 4.-10. bekk í Setbergsskóla. Skólinn hefur áhyggjur af tækjakosti skólans. UT kennsluráðgjafar í Hafnarfirði eru búnir að taka saman tækjakost skólanna og koma þeim upplýsingum til þeirra er málið varðar.

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.